

Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Leið II, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild (Séreign LSR), (Kt. 421198-2259)

Engjateigur 11, 105 Reykjavík. S. 510-6100. Netfang lsl@lsl.is. www.lsl.is

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Skjal þetta er útgefið 1. október 2024.

Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Um lífeyrissparnað er að ræða í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997, séreignarsjóð sem ber heitið Séreign LSR, Leið II. Heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar í séreignarsjóði eiga þá jafnan kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

Markmið

Leið II er verðbréfaleið með áherslu á skuldabréf. Áhersla er lögð á lausafjárstýringu í Séreign. Þess vegna fjárfestir Leið II að stærstum hluta í verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum auðseljanlegum fjármálagerningum. Jafnframt er þess gætt að nægilegt laust fé sé til ráðstöfunar til að bregðast við flutningum sjóðfélaga á milli fjárfestingaleiða, flutningum til annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar og öðru óvæntu útstreymi.

Leitast er við að hafa áhættudreifingu í eignasafninu sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum með virkri eignastýringu. Jafnframt er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingakosta í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Aðild að Séreign LSR, Leið II, hafa þeir sem greiða eða hafa einhvern tímann greitt iðgjald til einhverra af sjóðum LSR. Hið sama gildir um félagsmann aðildarféлага BSRB, BHM, KÍ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Leið II hentar best þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sér til að jafna út þær sveiflur sem geta orðið á ávöxtun.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 4 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Áhættuvísir

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér. Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7 þ.e.a.s. lágur áhættuflokkur.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Ef Séreign LSR, Leið II, getur ekki greitt þér það sem við skuldum gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

Árangurssviðsmyndir

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, sem gæti einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka. Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni. Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af afurðinni síðustu 10 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

Ráðlagður fjárfestingartími:		4 ár	
Dæmi um fjárfestingu:		100.000 kr á ári	
		1 ár	4 ár (ráðlag. fjárfestingartími)
Sviðsmyndir			
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	81.547 kr -18,5%	340.256 kr -6,4%
Óhagstæð sviðsmynd (1,2)	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	92.190 kr -7,8%	443.569 kr 4,2%
Hófleg sviðsmynd (3,4)	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	107.244 kr 7,2%	481.696 kr 7,6%
Hagstæð sviðsmynd (5,6)	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar <i>Meðalávöxtun á hverju ári</i>	114.739 kr 14,7%	523.027 kr 11,0%
Fjárhæð fjárfest til lengri tíma		100.000 kr	400.000 kr

1. Óhagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu október 2021 til október 2022.
2. Óhagstæð sviðsmynd, 4 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu október 2019 til október 2013.
3. Hófleg sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu nóvember 2013 til nóvember 2014.
4. Hófleg sviðsmynd, 4 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu apríl 2016 til apríl 2020.
5. Hagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu október 2023 til október 2024.
6. Hagstæð sviðsmynd, 4 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu ágúst 2011 til ágúst 2015.

Hvað gerist ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Leið II getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Leið II, getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta til þín. Þar sem Leið II er verðbréfaeild með áherslu á skuldabréf myndi slíkt fjárhagstjórnt almennt ekki falla undir tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skv. lögum nr. 98/1999.

Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfar fyrir tvö mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir fyrir 100.000 kr. á ári. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

- Enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum fer í kostnað
- Enginn kostnaður er af flutningi á milli fjárfestingarleiða
- Engin sölulaun
- Enginn dreifingarkostnaður
- Fjárfestingagjöld og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi sjóðsins mánaðarlega svo engin aukagjöld falla á afurðina. Sjá nánar um þessa kostnaðarliði í skýringum ársreiknings Séreignar LSR á www.lsr.is.

Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve lengi þú átt afurðina og hvernig afurðin stendur sig. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni.

- Fjárfest er fyrir 100.000 kr. á ári

	Ef þú selur eftir	
	1 ár	4 ár
Heildarkostnaður	511 kr	5.958 kr
Áhrif á ávöxtun á ári*	0,51%	0,51%

* Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 8,1% fyrir kostnað og 7,6% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Árleg áhrif kostnaðar ef þú selfur eftir 4 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngugjöld	0%
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngugjöld	0%
Viðvarandi kostnaður sannreindur hvert ár		
Stjórnunargjöld og annar rekstrar kostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheitum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínu. 0,50% af virði fjárfestingar þinna ár ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á sl. 3 árum	0,50%
Viðskiptakostnaður	0,01% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	0,01%
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangursgjöld	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð	0%

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 4 ár (a.m.k.)

Ráðlagður fjárfestingartími miðast út frá því að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjárfestingartímanum og því ráðlagt að halda fjárfestingunni í að minnsta kosti 4 ár. Þar sem um séreignarsjóð er að ræða getur almennur fjárfestir haldið afurðinni eins lengi og hann óskar.

Leið II hentar best þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sér til að jafna út þær sveiflur sem geta orðið á ávöxtun. Við val á fjárfestingarleið er því meðal annars ráðlagt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélagsins er og hvert viðhorf sé til áhættu.

- Réttur til útborgunar er við 60 ára aldur og er þá heildarinn eign laus til útborgunar. Útborgun getur þó aldrei hafist fyrir en tveimur árum eftir að fyrsta greiðsla barst sjóðnum.
- Sjá nánar um aðrar ástæður útborgunar, vegna örorku, andláts eða annarra ástæðna, á www.lsr.is
- Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara.
- Tekjuskattur er dreginn af við útborgun

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun í gegnum síma 510-6100, í afgreiðslu sjóðsins að Engjateigi 11, 105 Reykjavík eða á netfangið lsr@lsr.is. Sjá nánari upplýsingar m.a. um þjónustu- og opnunartíma á www.lsr.is.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um Séreign LSR, Leið II, má finna á www.lsr.is Þar má m.a. finna fjárfestingastefnu sjóðsins, mánaðarleg upplýsingaryfirlit sjóðsins, ársreikning og reiknivél séreignar.

Upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni

Hvernig er áhætta tengd sjálfbærni felld inn í fjárfestingarákvarðanir?

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt, með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. SFDR reglugerðinni er ætlað er að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingaákvarðanir. SFDR reglugerðin skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna (UFS), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Samkvæmt 6.grein SFDR skulu aðilar á fjármálamarkaði upplýsa fjárfesta hvernig áhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir áður en samningur um séreignarsparnað er gerður.

[Hér](#) má finna yfirlýsingar LSR sem tengjast SFDR um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er samþætt inn í ákvarðanatökufæri fjárfestinga hjá sjóðnum sem og yfirlýsingu vegna neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. PAI).